

Ár 2023, miðvikudaginn 4. janúar, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 13/2022:

Ísbjörninn
gegn
Hvíta Riddaranum

Gögn málsins merkt nr. 1 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Ísbjörninn, kt. 440310-1170
Hamraborg 38
200 Kópavogur
Fyrirsvarsmaður: Denis Grbic

Kærði:

Hvíti Riddarinn, kt. 640613-0840
Bugðutanga 13
270 Mosfellsbær

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 9. desember sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að leikur Hvíta Riddarans og Ísbjarnarins í Íslandsmóti innanhúss í A riðli karla sem fram fór þann 4. desember verði úrskurðaður ógildur og úrslitum leiks breytt og þau ákveðin 0-3 kæranda í hag.

Kærði krefst þess að kröfum kæranda verði hafnað.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo Hvíti Riddarinn hafi í leik gegn Ísbirninum teflt fram leikmanni sem skráður hafi verið í annað félag undir fölsku nafni. Samkvæmt grein 36.1. teljist félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, en þá skuli sú markatala ráða. Staðfesti skrifstofa KSÍ

að þátttakandi hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt sé að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skuli kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Lýsir kærandi málavöxtum svo með eftirfarandi hætti: „*Atvikið hafi átt sér stað á Íslandsmóti í innanhúss knattspyrnu, meistaraflokki sunnudaginn 4. desember 2022. Umræddur leikmaður heiti Patrik Elí Einarsson skráður á leikskýrslu undir öðru nafni eða Björgvin Heiðar Stefánsson hjá Hvíta Riddaranum nr. 39. Patrik sé ekki með leikheimild með Hvíta Riddaranum heldur sé hann skráður í Álafoss. Þessi leikmaður hafi komið við sögu í leiknum á móti okkur á þessu móti. Við vitum þetta fyrir víst því við þekkjum vel til þessa leikmanna úr þessum liðum í Mosfellsbæ því við höfum verið að spila við þá síðastliðin 3 ár í 4.deild í 11 manna bolta. Svo til að einfalda þetta þá er Hvíti Riddarinn með skráðan leikmann nr. 39 hjá sér undir nafninu Björgvin Heiðar Stefánsson en í raun og veru nota þeir leikmann sem heitir Patrik Elí Einarsson og er skráður í Álafoss og þar með ólöglegur. Það sé 100% að þessi Björgvin spilaði ekki á þessu móti við þekkjum vel til hans og mikill munur á milli þessa tveggja manna, því annar er skötlóttur en hinn með hár. Björgvin Heiðar Stefánsson nr. 39 var skráður á leikskýrslu hjá Hvíta Riddara en var ekki á staðnum í gær svo við erum nokkuð vissir að þeir spiluðu Patrik Elí Einarsson á þeim númer en sá leikmaður er skráður í Álafoss og ef þið skoðið skýrslu síðast sumars sá sjái þið að sá leikmaður spilar alltaf í treyju né.39 hjá Álafoss og Hvíta Riddara fyrri part sumarsins en hann Björgvin Heiðar Stefánsson spilar allt sumar í treyju nr.11 hjá Hvíta Riddaranum. Einnig er Björgvin Heiðar Stefánsson skráður nr.11 í fyrstu umferð Íslandsmótsins í innanhúss knattspyrnu í síðasta mánuði svo það er mjög skrítið að þeir breyttu númerinu hans sem hann hefur allt spilað í allt í einu. Þið þurfið bara skoða leikskýrslur sumarsins til að sjá þetta svart á hvítu.“*

Kærði hafnar málavaxtalýsingu kæranda og telur ekki rétt að Patrik hafi spilað gegn Ísbirninum. Lýsir kærði málavöxtum með eftirfarandi hætti: „*Hann [Patrik] hafi setið á bekknum í svartri hettupeysu og tók aldrei þátt í þessum leik. Ísbjörninn segir í kærinni að þeir séu “nánast vissir” um að þeir hafi séð Patrik inn á vellinum og leggja fram til stuðnings myndirnar þar sem Patrik situr á bekknum í svörtu peysunni sinni – en Ísbjörninn hefur dregið rautt strik í kringum aðra leikmenn Hvíta riddarans (ekki þann sama á myndum þremur). Það er ekki nóg að menn hafi hár á höfðinu til þess að teljast vera Patrik Elí Einarsson. Mennirnir á myndunum eru Haukur Hall Eypórsson, Alexander Aron Davorrsson og Ísak Máni Viðarsson. Björgvin Heiðar (sá sköllótti) var skráður á skýrslu og átti á spila gegn Ísbirninum, en forfallaðist og gat því miður ekki verið með í þessum leik. Kæran fellur um sjálfa sig að mati Hvíta riddarans. Gögnin sem Ísbjörninn leggur fram til stuðnings sýna Patrik í svartri hettupeysu á bekknum og ef Ísbjörninn á vídeóupptökur af leiknum munu þær sýna skýrt að hann sat sem fastast á bekknum allan tímann í stuðningshlutverki – ekki sem leikmaður.“*

IV.

Niðurstaða:

Samkvæmt grein 6.1 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Telst mál höfðað þegar kæra berst

skrifstofu KSÍ. Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt grein 6.3 í fyrrgreindri reglugerð, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Í málinu liggur fyrir að meint brot hafi átt sér stað í leik í Íslandsmóti innanhús, nánar tiltekið í leik sem fram fór sunnudaginn 4. desember 2022 kl. 14:30. Almennt skulu kærur vegna kærumála berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá. Á hinn bóginn er til staðar sérregla í grein 34.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót vegna mótmæla um ólöglega skipað lið í innanhúsmótum (Futsal) þar sem leikið er með hraðkeppnisformi, daglega eða yfir nokkra daga. Í greininni segir að mótmæli vegna ólöglega skipaðs liðs skuli lögð fram skriflega hjá umsjónaraðila móts (mótsstjóra/fulltrúa KSÍ á staðnum) innan tveggja klukkustunda frá því að atvik það sem mótmælt er bar við. Framkvæmdastjóri KSÍ skuli hafa vald til þess að úrskurða í slíkum tilfellum og telji hann að lið hafi augljóslega verið ólöglega skipað skuli hann úrskurða leikinn tapaðan liðinu sem í hlut á með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Úrskurði framkvæmdastjóra megi kæra til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, en slík kæra komi þó ekki í veg fyrir að viðkomandi keppni haldi áfram.

Á grundvelli almennra lögskýringarreglna þá verður talið að sérreglur innan reglugerða KSÍ gangi framar almennum reglum. Liggur það ljóst fyrir að mati aga- og úrskurðarnefndar að nefnt ákvæði í 34.4. grein reglugerðar um knattspyrnumót eigi við um það kærumál sem nú liggur fyrir enda um innanhúsmót að ræða í skilningi ákvæðisins. Bar kæranda því að leggja skriflega fram mótmæli vegna ólöglega skipaðs liðs við umsjónaraðila mótsins innan tveggja klukkustunda frá því atvik það sem mótmælt er bar við. Fyrir liggur að kæra kæranda hafi hvorki borist skrifstofu KSÍ né umsjónaraðila móts innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í grein 34.4 og þegar af þeirri ástæðu ber að vísa kærinni frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]